

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta  
vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða.**

Útreikningur frádráttarbærs hluta leigugreiðslna rekstrarárið 2021 vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn, þó að undanskildum leigubifreiðum skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal vera sem hér segir:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2021 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 3,4% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2021. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2021, hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

*Reykjavík, 8. desember 2021.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.